




# ANNA LÍNDAL

KORTLAGNING ÞESS SEM VAR

MAPPING WHAT WAS

Alþýðuhúsið á Siglufirði 7. – 23. apríl 2023





### Vídeo, skrásetning á kortlagningu 65 þyngdarpunkta.

Videodocumentation, mapping the 65 survey points on Surtsey in the 2014 Expedition.

Einkasýning Önnu Líndal, KORTLAGNING ÞESS SEM VAR, hverfist um rannsóknir hennar á Surtsey. Hún fjallar um mælingar á eyjunni sem varð til á árunum 1963-1967 og er nú friðuð til vísindarannsókna auk þess að vera á heimsminjaskrá UNESCO.

Til að miðla viðfangsefni KORTLAGNING ÞESS SEM VAR sýnir Anna nýja silkiprykksseríu sem hún vann á prentverkstæði BBK í Berlín, útsaumað landakort á silki, vídeo sem sýnir kortlagninguna og reka-plast úr Surtsey.

Galdurinn er í þessum 65 punktum.


Í rannsóknarleiðangri til Surtseyjar sumarið 2014 tók Anna þátt í að mæla þyngdarsvið eyjunnar, gekk með mælitæki á bakinu eyjuna þvera og endilanga eftir fyrirfram ákveðnu neti 65 mælipunkta.

Á meðan þyngdarmælirinn safnaði gögnum um eðlisþyngd jarðlaga undir yfirborðinu og þar með upplýsingum um byggingu eyjarinnar, safnaði líkamsvitund Önnu gögnum ofanjarðar.


Sextíu og fimm upplifanir festust í vitund Önnu; mikill raki, eldfjallagjóska, mávaungar sem skoppuðu um ófleygir eins og bómullarhnoðrar, sandblásinn gróður, þoka, risavaxinn ryðgaður tankur sem hafði í mörg ár velkst um í hafinu áður en hann hentist uppá eyjuna og situr nú þar fastur eins og eitt af undrum veraldar, gígbarmurinn á Surti sem hrafninn eignaði sér, smávaxin blóm og mávagerið sem hafði með sínum líkamsvessum tekist að búa til nýtt land, gróðurþekju, með svo sterkri lykt að þeir áttu staðinn fyrir sig.



Silkiprykk / Screen Prints **43,5 × 53 cm**



Útsaumað kort / Embroidered map on silk **30 × 27 × 80 cm**



# MAPPING WHAT WAS

by Anna Líndal

Anna Líndal's solo exhibition MAPPING WHAT WAS, revolves around her research on Surtsey and deals with measurements on the volcanic island that formed in the period 1963-1967. Surtsey island has been preserved for scientific research and is listed on the UNESCO World Heritage List.

The subject is presented through a new silk print series which Anna worked on at the BBK print workshop in Berlin, an embroidered map in silk, a video showing the mapping of Surtsey and sea drifted plastic collected on its beaches.

The magic is in the 65 points.


In a research expedition to Surtsey in the summer of 2014, Anna took part in mapping the gravitational field on the island. This involved walking with a measuring instrument on her back across the island following a predetermined mesh of 65 survey points.

While the gravity meter was used to collect data on the force of gravity on the island, revealing the density of the strata below the surface and the structure of the island, Anna's bodily consciousness collected data above the surface. Sixty five experiences manifested themselves in Anna's perception; heavy humidity, volcanic tephra, baby seagulls unable to fly, hopping about like balls of cotton, sandblown vegetation, fog, an enormous rusted tank which had swirled around in the ocean for years before being tossed onto the island and now sits stuck like one of the wonders of the world, the edge of the Surtur crater which the raven claimed as its home, tiny flowers and the flock of seagulls which had with their bodily fluids managed to create a layer of soil with such a heavy scent that they had the place for themselves.





**Reka-plast úr Surtsey** / See-drifted plastic from Surtsey.

Surtsey - segulmælingar og þyngdarmælingar  
17.-22. júlí 2014 MTG, SSS, HBJ, AL



„Pegar ég heimsótti Náttúrufræðistofnun rakst ég á kortið sem við notuðum við þyngdarmælingar í 2014 leiðangrinum”. (AL).

"When visiting The Institute of Natural History, I came across the map we used for mapping the gravitational field of Surtsey in the 2014 Expedition". (AL)



## KORTLAGNING ÞESS SEM VAR / MAPPING WHAT WAS

Alþýðuhúsið á Siglufirði 7.4 – 23.4.2023

Sýningastjóri / Curator: Aðalheiður S. Eysteinsdóttir

Margir aðilar komu að SURTSEYJARleiðangrinum 2014

Bestu þakkar fá / special thanks to

**Surtseyarfélagið** / The Surtsey Research Society

**Landhelgisgæslan** / Icelandic Coast Guard

**Jarðvísindastofnun Háskólans** / University of Iceland, Institute of Earth Sciences

**Magnús Tumi Guðmundsson**

**Myndstef** / The Icelandic Visual Art Copyright Association

**Starfslaun listamanna**

Artist salary grant, Iceland Ministry of Culture and Education

**Og Surtsey sjálf, án hennar hefði þessi ferð ekki verið farin.**